




Reykjavík 21. mars 2012


Embætti sérstaks saksóknara  
b.t. Ólafs Þórs Hauksonar, sérstaks saksóknara  
Skúlagötu 17  
150 Reykjavík

**Efni:** Beiðni um aðstoð við húsleit á grundvelli 4. mgr. 15. gr. e. laga nr. 87/1992,  
um gjaldeyrismál.

Seðlabanki Íslands áformar húsleit hjá Samherja hf. og tengdum félögum vegna gruns um meint brot gegn lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Húsleit verður framkvæmd á grundvelli 4. mgr. 15. gr. e. sömu laga.

Seðlabanki Íslands fer þess á leit við Embætti sérstaks saksóknara að það aðstoði við fyrirhugaðar húsleitir. Áformað er að húsleit fari fram á fjórum stöðum samtímis, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS  
  
Már Guðmundsson,  
Seðlabankastjóri

  
Hreiðar Eiríksson  
forstm. rannsókna gjaldeyriseftirlits



Reykjavík, 23. mars 2012

Tollstjóri  
b.t. Karenar Bragadóttur, forstöðumaður  
Tryggvagötu 19  
101 Reykjavík

*Efni:* Beiðni um aðstoð við húsleit á grundvelli 4. mgr. 15. gr. e. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Seðlabanki Íslands áformar húsleit hjá Samherja hf. og tengdum félögum vegna gruns um meint brot gegn lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Húsleit verður framkvæmd á grundvelli 4. mgr. 15. gr. e. sömu laga.

Með vísan til 4. mgr. 15. gr. e laga nr. 87/1992, 86. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 6. tl. 1. mgr. 40. gr. sbr. 45. gr tollalaga nr. 88/2005 fer Seðlabanki Íslands þess á leit við Tollstjóra að hann aðstoði við fyrirhugaðar húsleitir. Áformað er að húsleit fari fram á fjórum stöðum samtímis, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson,  
aðstoðareðlabankastjóri

Ingibjörg Guðbjartsdóttir  
frkvstj. gjaldeyriseftirlits